

Ársskýrsla

Skólaárið 2009—2010

Skólaskrifstofa Austurlands



Ársskýrsla

Skólaárið 2009—2010

Skólaskrifstofa Austurlands

Aðalfundur, Reyðarfirði í desember, 2010.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Starfmannahald	5
Þjónustusvæði	6
Sálfræðiþjónusta	8
Kennsluráðgjöf—talmeinaþjónusta	10
Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir	13
Lokaorð	15

Inngangur

Þetta er 14. ársskýrsla Skólaskrifstofu Austurlands en skrifstofan tók formlega til starfa 1. ágúst 1996 og hefur því starfað í þrettán skólaár. Skýrslan byggir á starfseminni skólaárið 2009 – 2010.

Skrifstofan er byggðasamlag 8 sveitarfélaga á Austurlandi (voru 22) frá Djúpvogshreppi í suðri til Vopnafjarðarhrepps í norðri.

Æðsta vald byggðasamlagsins er í höndum aðalfundar. Aðalfundur kýs fimm manna stjórn og jafnmarga til vara. Stjórnin veitir stofnuninni faglega forstöðu og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins, lögum um grunn- og leikskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla.

Skólaskrifstofa Austurlands er þjónustustofnun fyrir eigendur sína, þ.e. sveitarfélögin, og hefur fyrir þeirra hönd yfirumsjón með ýmsum þáttum í starfi grunn- og leikskóla, sbr. lög og reglur, þ.e. greiningu, ráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Skrifstofan hefur einnig skyldur gagnvart öllum þeim sem tengjast starfi grunnskólanna á svæðinu eins og skólastjórnendum, kennurum, forráðamönnum nemenda og nemendum. Upplýsingagjöf til þessara aðila er því mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna hjá skrifstofunni.

Á skólaárinu var framhaldið ýmsum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem kosin var á aðalfundi á Reyðarfirði þann 22. október 2009 hafa setið:

Formaður:	Svanhvit Aradóttir, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Práinn Lárusson, Fljótsdalshéraði
Ritari:	Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Djúpvogshreppi Einar Björn Kristbergsson, Vopnafirði Elfa Rúnarsdóttir, Seyðisfirði
Til vara:	Jósef Friðriksson, Fjarðabyggð Þorbjörn Rúnarsson, Fljótsdalshéraði Páll Baldursson, Breiðdalshreppi Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshreppi Margrét Hjarðar, Borgarfjarðarhreppi

Stjórnin hélt fjóra fundi á starfsárinu.

Starfsmannahald 2009-2010

Starfsmenn Skólaskrifstofu Austurlands á skólaárinu 2009-10 voru:

Aðalheiður Jónsdóttir sálfræðingur, 100% starfshlutfall. Hún hefur umsjón með sálfræðipjónustu Skólaskrifstofunnar.

Halldóra Baldursdóttir talmeinafræðingur og sérkennari, 50% starfshlutfall.

Jarþrúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi, 100% starfshlutfall. Hún sinnti almennri kennsluráðgjöf, greiningum í stærðfræði, verkefnastjórn með Olweusarverkefninu í Seyðisfjarðarskóla, auk þess að hafa umsjón með Stóru upplestrarkeppninni.

Kristín Óskarsdóttir skrifstofumaður, 60% starfshlutfall. Hún hefur umsjón með kennslugagnasafni og ýmsum skrifstofustörfum.

María Huld Ingólfssdóttir sálfræðingur, 100% starfshlutfall.

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Hann sinnti stjórnun, ráðgjöf, fjárreiðum, launaútreikningum og ýmsum upplýsingum um skólastarf.

Aðrir:


Skólaskrifstofa Austurlands kaupir 10% starfshlutfall af HSA vegna iðjuþjálfunar í grunn- og leikskólum.

Skólaskrifstofan keypti þjónustu af Önnu Maríu Arnfinnsdóttur, námsráðgjafa og Einari Sveini Árnasyni, námsráðgjafa á skólaárinu.




Þjónustusvæði


Á þjónustusvæði skrifstofunnar voru 10.362 íbúar 1. desember 2009. Af þeim voru 1.436 á grunnskólaaldri miðað við tölur Hagstofunnar.




Þróun íbúa og nem.fj. 1995-2009



Nemendafjöldi 1. desember 2009 eftir sveitarfélögum skv. tölum Hagstofu



Nemendafjöldi í grunnskólum 1995 - 2009



Sálfræðiþjónusta

Starfsmannahald og stöðugildi sálfræðinga

Á skólaárinu 2009-10 voru sálfræðingar í 2 stöðugildum við Skólaskrifstofuna.

María Huld Ingólfssdóttir og Aðalheiður Jónsdóttir eru sálfræðingar hjá Skólaskrifstofunni.

Aðalheiður Jónsdóttir hefur nú verið sálfræðingur í fullu starfi við Skólaskrifstofuna í 7 ár. Hún hefur umsjón með sálfræðiþjónustu Skólaskrifstofunnar.

Yfirlit yfir fjölda mála í skólum

Í ár bárust sálfræðingum 132 beiðnir frá skólum á skólaárinu. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflum hefur fjöldi beiðna sem berast ár hvert verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, þ.e. á bilinu 130-150.

Önnur verk unnin af sálfræðingum Skólaskrifstofu:

Almennt er lögð sífellt meiri vinna í úrlausnir fyrir nemendur sem eiga í vanda. Auk þess hafa sálfræðingar haft óvenju mörg mál til umfjöllunar sem krafist hafa mikillar vinnu hvert og eitt. Önnur verkefni en þau sem snúa að vinnu vegna einstaklingsmála hafa aldrei verið fleiri en á nýliðnu skólaári.

- Samskipti vegna ABG verkefnisins, t.d. seta á fundum, undirbúningur fyrir þá og umsögn og tillögur um framhald verkefnisins (AJ).
- Samskipti við ýmsa fagaðila og stofnanir, t.d. gerð verklagsreglna vegna samstarfs skólasálfræðinga og barnageðlækna, leitað til siðanefndar Sálfræðingafélagsins vegna fyrirlagna greindarprófa, undirbúningur fræðsluerinda á vegum Samtaka '78 og samskipti við ADHD-samtökin vegna námskeiðsundirbúnings (AJ).
- Fræðslupistlar fyrir kennara og foreldra á heimasíðu (MH & AJ).
- Seta á nemendaverndarráðsfundum (AJ & MH).
- Undirbúningur og þátttaka í fræðsluverkefni á vegum GRR um einhverfu (AJ & MH).
- Klókir krakkar. x2 (Reyðarfirði og Egilsstöðum). Hópmeðferð við kvíða. Haldið í samvinnu við Orra Smáráson, sálfr. HSA. (MHI).



	Lokið/i gangi Í skólum	Á biðlista í skólum (í lok skólaárs)	Samtals lokið, í gangi, á biðlista	Fjöldi beiðna sem bárust á skólaárinu
2009-10 AJ & MH	146+ 15 í hópmeðferð = 161	76	222+15 í hópmeðferð = 237	132
2008-9 AJ, MG & MH	178 + 8 í hópmeðferð = 186	53	231 + 8 í hópmeðferð = 239	154
2007-8 AJ & MG	135	54 (20.7.2008: 86 á biðlista)	189	133
2006-7 AJ, MG & HS	206	34	240	152
2005-6 AJ & KJS	158	40	198	131
2004-5 AJ & HS/KJS	183	33	216	106
2003-4 AJ & KJS	162	31	193	68 (+beiðnir frá fyrra ári)
2002-3 ÍB	95	ca. 60	ca. 155	
2001-2002 ÍB & MK	158			
2000-2001	135			
1999-2000	146			



Kennsluráðgjöf—talmeinaþjónusta

Starfssvið

Starfssvið kennsluráðgjafa felst m.a í almennri og sérhæfðri kennsluráðgjöf við leik- og grunnskóla. Talmeinafræðingur sinnir greiningum og ráðgjöf, aðallega málþroskagreiningum og mati á framburði. Stöðugildi kennsluráðgjafa og talmeinafræðings er 1,5 stöðugildi.

Greiningar stærðfræðiörðugleika með Talnalykli

Alls voru gerðar 9 hópskimanir og 27 einstaklingsgreiningar með Talnalykli. Greiningunum var öllum skilað á fundum með foreldrum og kennurum í viðkomandi skólum.

Lestrarskimanir Grp14h og lestrargreiningar

Alls var unnið við 13 lestrarskimanir Grp14h í bekkjum (9. bekk). Þá voru 88 einstaklingsgreiningar unnar vegna lestrarerfiðleika og var þeim öllum skilað á sérstökum fundum með kennurum og foreldrum.

Læsis skimanir LÆSI í 1. og 2. bekk

Unnið var að yfirlitum fyrir læsis skimanir úr fimmtán skólum.

Ráðgjöf vegna líðanar og hegðunarerfiðleika nemenda

Unnið var að 13 málum vegna einstakra nemenda og nemaendahópa í 7 skólum.

Almenn kennsluráðgjöf

Á starfsárinu sinntu kennsluráðgjafar ráðgjöf við kennara vegna einstaklinga og bekkja og þá einkum samskiptarferfiðleika nemenda og/eða eineltis en einnig kennslufræðilega ráðgjöf. Vegna nokkurra málanna var farið í bekk og fylgst með samskiptum nemenda og kennslu kennaranna. Alls voru mál vegna ráðgjafar við kennara 12.

Teymisfundir

Á starfsárinu átti kennsluráðgjafi setu í 4 teyjum ásamt foreldrum og kennurum vegna einstaklinga í grunnskólum og sótti alls 11 teymisfundi vegna þeirra.

Talmeinafræðingur kom að 34 málum einstaklinga í 10 leikskólum og 34 málum einstaklinga í 11 grunnskólum.

Mest er um málþroskagreiningar og framburð, en einnig stam, tvítyngi og einstaka lestrargreiningar.

Í sumum tilfellum var um að ræða mat að hausti og endurmat og eftirfylgd undir vorið. Einnig voru 2 mál sem þurftu verulega eftirfylgd og teymisvinnu með reglulegum fundum.

Tekið var saman og yfirfarið Hljóm próf frá 9 leikskólum.



Talmeinafræðingur sat nokkra fundi hjá Innflytjendateymi Austurlands, þar sem ýmis mál er varða nýja íbúa í fjórðungnum eru til umfjöllunar.

Umsjón með verkefnum og verkefnastjórnun


- Skólaskrifstofan hefur haft umsjón með skipulagningu og framkvæmd *Stóru Upplstrarkeppninnar* á starfssvæði skrifstofunnar. Í því felst m.a. formennska í héraðsnefnd keppninnar, samskipti við undirbúningsnefnd keppninnar, skipulagning og framkvæmd lokahátíða í fjórðungnum.
- Verkefnisstjórnun Olweusarverkefnisins (eineltisáætlanir) í Seyðisfjarðarskóla og Egilsstaðaskóla (ágúst-desember). Í því hefur falist seta á verkefnastjórafundi í Reykjavík, kynningarfundur fyrir starfsfólk skólanna og foreldra og fræðslufundir fyrir allt starfsfólk, lykilmenn og oddvita. Verkefnastjóri er Jarþrúður Ólafsdóttir. Olweusaráætlun gegn einelti er forvarnarverkefni sem hefur að markmiði að bæta líðan nemenda í skólum, stuðla að bættum samskiptum og góðum skólaanda.

Námsráðgjöf


Námsráðgjöf stóð þeim skólum til boða sem ekki hafa námsráðgjafa innan skólanna. Ráðgjöfin sem veitt var í skólunum var bæði einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur. Anna María Arnfinnsdóttir og Einar Sveinn Árnasonnámsráðgjafar sinntu þessari ráðgjöf á skólaárinu.



Fjöldi sérfræðimála alls



Vakin er athygli á því að ofangreindar tölulegar upplýsingar eiga við einstaklingsmál í flestum tilvikum. En teymisvinna, námskeiðahald, vinna við almennar fyrirspurnir (t.d. í síma og tölvupósti) og önnur vinna svo sem vinna við Olweusarverkefnið er ekki inni í þessum tölum. Þá verður einnig að hafa í huga að ekki er alltaf samhengi milli málafjölda og vinnuframlags því mál geta verið mjög mismunandi að umfangi.



Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir

Á svæði Skólaskrifstofu Austurlands hefur Skólaskrifstofan haft frumkvæði að námskeiðahaldi í samvinnu við skólastjórnendur og aðra aðila líkt og undanfarin ár. Þátttaka á námskeiðum hefur verið mjög góð.

Endurmenntunarsjóður grunnskóla auglýsti styrki til úthlutunar eins og áður.

Í ár hlaut Skólaskrifstofa Austurlands kr. 400.000,- í styrki til að halda eftirfarandi þrjú námskeið, haustið 2010:

- **Lífsleikni** – Aldís Yngvadóttir
 - **Árangursríkt og skapandi skólastarf**—ýmsir
 - **Numicon**—Kristín Wallis
- Þessi þrjú námskeið sóttu rúmlega 200 starfsmenn skóla.*

Sérfræðingar skrifstofunnar héldu ýmiss konar fræðslufundi fyrir foreldra og kennara á síðastliðnu skólaári.

Námskeið og fræðslufundir haldnir af starfsfólki Skólaskrifstofu:

Sálfræðingar

- Bekkjarstjórnunarnámskeið fyrir kennara (AJ & MH)
- Námskeið fyrir ófaglærða starfsmenn leikskóla (AJ & MH)
- ADHD hjá fullorðnum (AJ)
- Skólafærninámskeið fyrir foreldra í 5 skólum (MH)
- Undirbúningur og kennsla kvíðastjórnunarnámskeiðsins Klókir krakkar ásamt Orra Smárasyni hjá ABG. Kennt 2 sinnum, 10 skipti í hvort sinn (MH)

Kennsluráðgjafar

- Skólafærninámskeið í Fjarðabyggð, stærðfræði ungra barna og Olweusaráætlun.
- Skólafærninámskeið í Egilsstaðaskóla, stærðfræði ungra barna.
- 12 fræðslufundir vegna Olweusar fyrir starfsfólk Seyðisfjarðarskóla (1 – 1,5 klst hver).
- Kynning á niðurstöðum eineltiskönnunar Olweusar fyrir starfsfólk Reyðarfjarðarskóla 22. febr., fyrir starfsfólk Eskifjarðarskóla 26. maí og fyrir foreldra Nesskóla 26. maí.
- Fundir með skólastjórum og lykilmönnum Olweusarverkefnis á Austurlandi 13. okt. 09 og 3. mars '10.
- Lestur og lestrarkennsla í Grunnskóla Reyðarfjarðar (2,5 klst)
- Lestur og lestrarkennsla í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar (2,5 klst)
- Lestur og lestrarkennsla í Seyðisfjarðarskóla (2,5 klst)
- Samvinnunám í Egilsstaðaskóla (2 klst)
- Samskipti barna – fyrirlestur á Þingi leikskólakennara 11. sept. '09 (1,5 klst)



Skólaskrifstofan stóð fyrir eftirfarandi námskeiðum í samvinnu við aðra:

Tourett—fjarfundur frá Reykjavík. Íris Árnadóttir sérkennari, —Egilsstaðir—Reyðarfjörður—Seyðisfjörður—Djúpivogur.

Árangursríkt og skapandi skólastarf—12. ágúst í samstarfi við KSA.

Fræðslufundur fyrir foreldra barna með athyglisbrest og ofvirkni í fjarfundarbúnaði á Reyðarfirði og Egilsstöðum. Námskeiðið fór fram dagana 10. og 17. október í samstarfi við ADHD-samtökin.

Seta á námskeiðum og ráðstefnum

Starfsfólk skrifstofunnar sótti ýmsa fræðslufundi, ráðstefnur og málþing á starfsárinu

Skipulögð kennsla TEECH – námskeið GRR AJ & JÓ 8. – 9. sept '09

Árþing samtaka áhugafólks um skólaþróun 6. – 7. nóv. 2009 JÓ

PMT námskeið á vegum Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs JÓ & MH 19. – 20. okt, 16. – 17. nóv, '09 og 18. – 19. jan '10,

ART – námskeið á vegum ABG og Skólaskrifstofu Suðurlands JÓ & MH 8. – 10. febr. '10.

Fræðslufundur um Tourette í FNA 5. febr. '10 JÓ og HB

Duchenne-fræðslufundur GRR AJ & MH

Kynhneigð ungmenna Samtökin '78 AJ & MH

Árþing Sálfræðingafélagsins Sálfræðingafélag Íslands AJ


Samráðsdagur GRR AJ

Siðareglunámskeið Sálfr.fél. Sálfræðingafélag Íslands MH

Lesblindudagurinn 30.10.2009—HB, JÓ, SM

Fundur í Reykjavík vegna Olweusarverkefnis

Fundur 20. nóvember í Hagaskóla í Reykjavík.



Lokaorð

Þegar litið er yfir nýliðið skólaár hefur það verið viðburðaríkt eins og hin fyrri. Starfið hefur gengið vel þegar á heildina er litið. En auðvitað er ýmislegt sem við starfsfólkið hefðum viljað hafa í betri stöðu en nú er.

Þar kemur fyrst og fremst upp í hugann of langir biðlistar eftir sálfræðiþjónustu sem virðast vaxandi og hafa verið viðvarandi alltof lengi. Það er ekki bara slæmt út frá sjónarhorni barna og fjölskyldna þeirra heldur líka vegna álags á starfsmenn skrifstofunnar. Um 50-70 börn hafa að jafnaði beðið eftir þjónustu í lok hvers skólaárs. Biðtími þeirra er þó mis langur og alvarleiki beiðna mismunandi. Alltaf er reynt að bregðast skjótt við brýnum vanda en börn sem bíða eftir endurmati eða fá einhverja aðstoð annarsstaðar eða eiga í minniháttar vanda geta þurft að bíða lengur og sá tími getur verið upp í eitt ár eða lengur miðað við núverandi stöðu.

Til að komast að raunverulegri stöðu og umfangi sérfræðiþjónustunnar var framkvæmd nákvæm talning í lok skólaársins á því hversu mörg börn eiga gögn vegna einstaklingsmála með aðkomu Skólaskrifstofunnar. Í talningunni kom í ljós að miðað við núverandi fjölda í grunnskólum á svæði Skólaskrifstofunnar, hafa sérfræðingar skrifstofunnar komið að einstaklingsmálum rúmlega 72% grunnskólabarna með formlegum hætti þar sem gögn og skýrslur eru til eða að **1.027 einstaklingsmálum**.

Í öllum þessara tilvika hefur verið óskað eftir aðkomu Skólaskrifstofunnar með skriflegum hætti og samþykki foreldra. Oft er um ítrekuð afskipti að ræða. Á liðnu sumri var gerð grein fyrir þessari stöðu, til bæjar- og sveitarstjórna og til skólastjórnenda. Það skal tekið fram að inni í þessum tölum er ekki námsráðgjöf, starfsmannamál eða almenn ráðgjöf. Til viðbótar þessum tölum eru svo **104 leikskólabörn** sem eiga gögn á skrifstofunni. Á þessari upptalningu má glögg sjá hversu mikil eftirspurn er eftir þjónustu sérfræðinga Skólaskrifstofunnar og skýrir af hverju biðlistar hafa myndast miðað við núverandi fjölda starfsmanna. Mjög mikilvægt er að stytta þennan biðlista.

Oft hafa hugmyndir um aukið samstarf og jafnvel samruna þjónustuúrræða vegna íbúa svæðisins verið ræddar og þá ekki síst þjónustu við börn- og unglínga. Öllum hugmyndum um bættu þjónustu má og á að fagna. Í lögum um grunnskóla og í nýrri reglugerð um sérfræðiþjónustu, er kveðið á um að sveitarfélög skuli hafa frumkvæði að auknu samstarfi milli aðila sem veita þjónustu bæði innan sveitarfélaga og aðila sem annast sérhæfða þjónustu á vegum ríkisins. Áðurnefnd reglugerð um sérfræðiþjónustu er að flestu leyti skýrari en áður, bæði er varðar markmið, skyldur og réttindi barna, foreldra og sveitarfélaga. Á Austurlandi er hægt að finna mörg dæmi um velheppnaða samvinnu í slíkri þjónustu. Þegar þessi orð eru skrifuð er einmitt verið að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga. Það verkefni og sú þjónusta sem verður veitt mun kalla á mjög aukið samstarf sveitarfélaga á Austurlandi. Í mörgum skólum hafa verið tekin upp markviss og fagleg vinnubrögð um að gera skólabraginn betri og náms- og félagslega aðstæður fyrir alla nemendur. Fyrir það bera að þakka.

Það á að vera keppikefli allra sem að skólamála koma, að skólinn sé bæði gagnlegur og ánægjulegur fyrir börn og unglínga á sínum aðal mótunarárum.

Að lokum vill undirritaður þakka öllum, fyrir hönd stjórnar- og starfsfólks Skólaskrifstofu Austurlands, ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Jafnframt þakkar undirritaður starfsfólki vel unnin störf og stjórn ánægjulegt samstarf.

Reyðarfirði, í desember 2010

Sigurbjörn Marinósson





Skólaskrifstofa Austurlands

Búðareyri 4
730 Reyðarfjörður

☎ 470 5050

☎ 470 5051

✉ skolaust@skolaust.is

💻 www.skolaust.is

